

Nd.

342. Lög

um viðauka við lög nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl).

1. gr.

Þeim, sem hafa rjett til fiskiveiða í landhelgi hjer við land, er óheim-

ilt að gera út hjeðan eða nota til veiða umhverfis landið erlend skip, hvort heldur er innan eða utan landhelgi.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu um tiltekið árabíl að því er snertir þá leigu á erlendum skipum, sem nú á sjer stað.

2. gr.

Ákvæði 9. og 12. gr. laga nr. 33, 19. júní 1922, um fiskiveiðar í landhelgi, haldast óbreytt.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 2000—20000 kr., og fer um meðferð mála út af þeim sem um almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.